

**82** 22. maí. — ur á móti virðist ekkert geta verið því til fyrirstöðu, að taka við ábúanda skipti upp hinn forna reikning eptir meðalverði sem almenna reglu, einnig fyrir þessar jarðir; en þess verður eigi dulizt, að afleiðingin verður að líkindum sú, að margar jarðir mundu eigi byggjast fyrir fullt ákveðið eptirgjald, og mundi því tekju-auki sá, er gjört er ráð fyrir af þessu, reynast að nokkru leyti tóm ímyndun. Þess verður sem sje að gæta, að hinar veittu eptirgjafir optast nær hafa verið óumflýjanlegar, af því að ekki hefir verið unnt að byggja jarðirnar fyrir ákveðið eptirgjald sökum fátæktar í hlutadeigandi hjeruðum, sem sjer í lagi allvíða í vesturamtinu er orðin svo mögnuð, að þurft hefir, eins og yður, herra landshöfðingi, er kunnugt, að hjálpa amtsbúum af opinberu fje með lánum, sem ekki hafa fengizt endurborguð.

Þó að ráðgjafinn sje yður, herra landshöfðingi, og nefndinni fyllilega samdóma um, að bráðra bóta sje þörf í þessu efni, þykir þó eptir framansögðu varúðarvert, að taka eindregna ákvörðun í svo þýðingarmiklu máli, án þess að nein ummæli liggi fyrir hendi frá yfirvöldum þeim, er næst því standa, og eruð þjer, herra landshöfðingi, því þjónustusamlega beðnir þóknanlega að útvega frá hlutadeigandi amtmönnum og umboðsmönnum skýringar þær, sem þörf er á í þessu efni.

Að því er snertir uppástungu yðar, herra landshöfðingi, um að taka upp byggingaruppboð, hlýtur ráðgjafinn að efast um, eptir þeirri megnu mótstöðu, sem sú ráðstöfun varð fyrir, er tilraun var með hana gjörð 1843—47, og sem til þess leiddi, að hún var af numin með brjefi innanríkisstjórnarinnar 23. maí 1850, hvort nýtt boðorð um byggingaruppboð geti átt von á hylli alþingis, — og virðist að minnsta kosti eigi ráð, að gjöra neina tilraun í þá átt, áður en nánari vitneskja er fengin um, hversu henni mundi verða tekið. Eruð þjer, herra landshöfðingi, því beðnir að leita einnig álits amtmannanna og umboðsmannanna á Íslandi um þetta atriði.

**83** 25. maí. — *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um úrskurðarvald landshöfðingja.* — Út af bönarbrjefi, er hingað var sent með þóknanlegu brjefi yðar, herra landshöfðingi, frá 5. febr. þ. á., og þar sem presturinn að Bjarnanesi, síra Jón Jónsson, mælizt til þess, að úrskurður sá, er þjer, herra landshöfðingi, hafid gefið út 28. desbr. 1875, um það, hverjum beri forstaða Bjarnanessumboðs fardagaárið 1875—76 verði felldur úr gildi, skal skírskotað til 7. gr. auglýsingar frá 22. febr. 1875, sbr. við 20. gr., og því þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir beiðanda, að sitja verður við það, sem þjer hafid úrskurðað í máli þessu.

**84** 26. maí. — *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um kennsluna í læknaskólanum.* — Vjer höfum fengið þóknanlegt brjef yðar, herra landshöfðingi, frá 23. desember f. á., og skal yður nú tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, að ráðgjafinn samkvæmt tillögum yðar fellst á, að byrjuð sje á hverju ári frá upphafi tillsögnin í því, sem kennt er í læknaskólanum í Reykjavík, eins og tíðkæzt hefir að undanförn.

**85** 26. maí. — *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um gufuskipferðir kringum landið.* — Eptir að ráðgjafinn hafði sent innanríkisráðherranum með meðmælum sínum bænarskrá, er hingað barst frá nokkrum alþingismönnum hjer í bæn-

um o. fl., og þar sem þess var farið á leit, að ráðgjafinn hlutist til um, að ferðaáætlun þeirri um gufuskipaferðirnar til Íslands, sem sett er fyrir yfirstandandi ár, verði breytt í þá átt, sem segir í áætlun, er fylgdi bænarskránni, þannig, að Arktúrus í 2 af ferðum sínum fari umhverfis Ísland; en hin 7. ferð hans milli Danmerkur og Íslands verði látin falla niður — hefir tjeður ráðherra ritað hingað í brjefi frá 24. þ. m., að sjer hafi eigi þótt tiltækilegt að gjöra neina slíka breytingu á ferðaáætlun þeirri, sem er fast ákveðin fyrir yfirstandandi ár, og hafi það styrkt hann mjög í þeirri skoðun, að allmargir hinna íslenzku kaupmanna hjer í bœnum hafi leitað til sín og beðið sig að láta ferðaáætlunina haldast. Hins vegar hefir ráðgjafinn sjeð svo um, að skip hins sameinaða gufuskipssjeflags leggi eigi af stað frá Reykjavík í 4. ferðinni fyr en 30. júlí, og er gjört ráð fyrir, að Díana verði þá komin til Reykjavíkur.

Þetta er hjer með þjónustusamlega tjáð yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um laxveiði í Elliðaám.* — Í þóknanlegu brjefi frá 8. þ. m. sögðuð þjer, herra landshöfðingi, álit yðar um erindi, er hingað hefir borizt, og þar sem Ágúst Thomsen kaupmaður, og eigandi laxveiðar þeirrar í Elliðaám, sem ríkissjóðurinn hefir selt, spyr, hvort 2. gr. viðaukalaganna frá 11. maí 1876 við landsleigubálk Jónsbókar, 56. kap., um friðun á laxi, verði heimferð til veiðarinnar í tjeðum ám. Skal því til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir Thomsen kaupmanni þjónustusamlega tjáð, að með því að fyrirmæli 2. greinar í lögum 11. maí 1876 um þvergirðingu yfir á virðast, eptir því sem fram kom í umræðunum um málið á alþingi, að öllu samlögðu samkvæm frumreglunum í Jónsbókar landsleigubálki, 56. kap., og að eins hafa að geyma nánari útlistun á þessum reglum, og með því að svo er að sjá á sambandinu milli Jónsbókar og laganna 11. maí 1876, sem ætlast sje til að skilyrði það, er áminnst fyrirmæli Jónsbókar eru bundin, sem sje, að fleiri en einn eigi veiði í sömu á, þurfi einnig til þess, að 2. gr. laganna frá 11. maí 1876 verði beitt, virðist ákvörðun þessi, þrátt fyrir það, þótt orð hennar sjeu viðtök, að eins stefna að því að til taka nákvæmar þau rjettindi, er bera ýmsum mönnum, er eiga veiði í sömu á, hvorum, gagnvart öðrum. Eins og þess vegna með hæztarjettardómi frá 16. febr. 1875 hefir verið ákveðið, að fyrirmæli Jónsbókar geti ekki varnað því, að Thomsen, sem einn á laxveiðina í Elliðaánum, þvergirði þessar ár, þannig hyggur ráðgjafinn eptir því, sem tekið er fram, að hann hafi þenna rjett, eins eptir að lögum frá 11. maí 1876 náðu gildi.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um lán handa prestakalli.* — Sóknarpresturinn í Hítardals- og Staðarhrauns prestakalli, sira Jónas Guðmundsson, hefir farið þess á leit, að veitt yrði nefndu brauði lán, að upphæð 1200 kr., vegna hins mikla kostnaðar, er hann hafi orðið að hafa til þess að byggja upp prestsetrið að Staðarhrauni og til að bæta tún jarðar þessarar, er hann hafi verið skyldaður til að flytja að frá Hítardal, þá er brauðin voru sameinuð, og hefir herra landshöfðinginn í þóknanlegu brjefi frá 13. marz þ. á. mælt fram með að veitt verði Hítardals og Staðarhrauns prestakalli lán úr viðlagasjóði, að upphæð 1200 kr., er ávaxtist með 4% vöxtum, og endurborgist með  $\frac{1}{20}$  parti eða 60 kr. á ári næstu 20 ár eptir að lánið er veitt, þó með því skilyrði, að sannað sje með skoðunargjörð, er hlutadeigandi prófastur framkvæmi með 2